

015/01 - Álaborg ÁR 25

Álaborg ÁR 25, skipverji slasast þegar verið var að leggja netatrossu

Álaborg ÁR 25

Skipaskr.nr.: 1359

Smíðaður: Ísafirði 1974 Stál

Stærð: 138,00 brl; 211,00 bt

Lengd: 31,00 m **Breidd:** 6,70 m **Dýpt:** 5,50 m

Vél: Caterpillar 552,00 kW **Árgerð:** 1974

Annað:

Földi skipverja: 7



Atvikalýsing

Þann 8. febrúar 2001 var Álaborg ÁR 25 á netaveiðum um 11 sml. suðvestur af Selvogsvita. Veður: Hæg norðaustan átt og sléttur sjór.

Verið var að leggja trossu númer tvö og voru þrír skipverjar við þá aðgerð. Skipverji stóð fyrir framan netakassann og þegar tveir hnútar voru eftir kastaði hann þeim og seinni drekanum upp á lúguna og keðjunni ofan á hann til að auðveldara væri að henda honum útbyrðis. Annar skipverji sem var í námunda við hann hafði komið með bauju og var að draga til sín færið sem lá á milli fiskkara og bakborðssíðu.

Skipverjinn lét seinni drekan fara, en skyndilega tókst hann á loft og lenti á uppstillingu fyrir netakassann. Skipstjórinn sá þetta gerast í gegnum sjónvarpsskjá og setti strax á fulla ferð afturá. Siglt var með hinn slasaða til Þorlákshafnar og honum komið undir læknishendur. Þar kom í ljós að hann var tví ökklabrotinn.

Við rannsókn kom fram

- að skv. mati skipverjans var eðlilega staðið að verki við lagningu trossunnar;
- að hinn slasaði sagði að hann hefði lent í bugt á færinu sem verið var að leggja sem lá á þilfarinu;
- að hinn slasaði gerði sér ekki grein fyrir með hvaða hætti að fóturinn losnaði;
- að hinn slasaði hafði verið yfir tuttugu ár til sjós.

Nefndarálit

Nefndin áréttar mikilvægi þess að menn gæti ávallt vel að sér og öðrum við störf sem þessi.